

Einært rýgresi (*Lolium multiflorum* var. *italicum* eða var. *westervoldicum* eða *L. perenne* ssp. *italicum*)
 Enska; Annual Ryegrass, danska; Enårig Rajgræs, norska; Enårlig raigras,
 sænska; Italienskt rajgräs

Tegundalýsing og kjörlandur

Einært rýgresi er blaðríkt sumareinært (var. *westervoldicum*) eða vetrareinært (var. *italicum*) axgras. Smáöxin eru legglaus og snúa röndinni að axinu og er hvert smáax með 10-20 blómum. Stráin eru svög og vilja leggjast á hliðina. Blöð einærs rýgresis eru vaxkennd, dökkgræn, frekar breið og gljáandi á neðra borðinu. Þau eru því sem næst flöt, en markar þó fyrir kili á þeim. Neðst á blöðunum eru flipar, sem grípa um stráíð.

Einært rýgresi er eingöngu í ræktunarlandi eða grasflötum þar sem því hefur verið sáð.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Enært rýgresi er mest ræktaða grænófórið á Íslandi. Það er gott bæði til beitar og sláttar fyrir mjólkurkúr bötun sláturlamba. Kostir rýgresis umfram aðrar grænófóðurtegundir af grasaætt felast í lengri nýtingartíma, lystugleika, góðum endurvexti langt fram eftir hausti þegar fjölær grös sölna og missa kraft, auk minni kostnaðar á fóðureiningu miðað við annað sambærilegt grænófóður. Hámarksnýting fæst með því að slá frumvöxtinn og votverka og haustbeita endurvöxtinn og má þá gera ráð fyrir 5 – 10 þurrefnistönum á ha ef því er sáð snemma. Ef rýgresið er eingöngu beitt verður nýtt uppskera umtalsvert lægri eða á bilinu 2 til 4 þurrefnistönum. Góð beit eða sláttur getur jafnvel fengist eftir annan slátt (beit) ef vaxtartíminn er nýttur vel. Vetrarrýgresi skriður seint (en breytilegt eftir yrkjum) og það heldur fóðurgildi sínu vel. Sumarrýgresi er heldur fljótsprottnara en vetrarrýgresi og fóðurgildið er lægra. Eftir um 60-80 vaxtardaga setur sumarrýgresið punt og er nauðsynlegt að nýta það fyrir þann tíma, því meltanleiki þess fellur mikið við skrið. Sumarrýgresi gefur mikinn endurvöxt, þó ekki eins mikinn og vetrarrýgresi. Vetrarrýgresið er uppskerumeira en sumarrýgresi ef vaxtartíminn er langur en sumarrýgresið gefur meiri uppskeru ef vaxtartíminn er stuttur eða önnur skilyrði eins og t.d. ef mikill arfi er til staðar. Mikilvægt er að nýta rýgresið áður en það fer í legu. Einæru rýgresi er yfirleitt sáð hreinu en því má einnig sá með grænófóðurbyggi eða höfrum.

Ræktunarleiðbeiningar

Rýgresi gerir engar sérstakar kröfur til jarðvegsgerðar en frjósamur, vel framræstur jarðvegur er sú jarðvegsgerð sem hentar best. Rýgresi sprettur illa ef jarðvegurinn ofþornar einhvern tíma sumarsins. Til þess að nýta vaxtartímann sem best er mikilvægt að sá rýgresinu strax og jörð er tilbúinn að vori. Um leið og jarðvinnslu er lokið er mikilvægt að sá sem fyrst, áður en flagið þornar. Með því móti verður spírur betri og minni hætta á að illgresi nái sér á strik. Þúsundkorna þyngdin er 2,0 – 2,4 g og ráðlagt sáðmagn er 35-40 kg á ha og sáðdýpt 2 cm. Æskilegast er að raðsá þó að vonduð dreifsáning geti einnig skilað jafngóðum árangri. Til er gott úrval af yrkjum á markaði (Sjá Nytjaplöntur á Íslandi, rit LbhÍ og BÍ, sem kemur út árlega). Best er að bera á um leið og sáð er. Þrátt fyrir að vera nýtt tvisvar borgar sig ekki að skipta áburðargjöf og það gerir svipaðar áburðarkröfur og annað grænófóður af grasaætt (sjá Handbók bænda).

